

381. fundur bæjarstjórnar Snæfellsbæjar, haldinn þriðjudaginn 7. maí 2024 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**Mætt:**

Björn H Hilmarsson
 Júníana Björg Óttarsdóttir
 Auður Kjartansdóttir
 Eiríkur Böðvar Rúnarsson í fjarveru JBJ
 Michael Gluszk
 Margrét Sif Sævarsdóttir
 Friða Sveinsdóttir
 Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
 Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar setti fund, bauð fundarmenn og gesti velkomna. Óskaði hann eftir að fá að taka inn með afbrigðum sem 14. lið, fundargerð fræðslunefndar, dags. 2. maí 2024. Var það samþykkt og að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**1) Ársreikningur Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2023. Seinni umræða.**

Endurskoðendur Snæfellsbæjar mættu á fundinn undir þessum lið og fylgdu ársreikningi úr hlaði ásamt því að fara yfir samanburð á ársreikningum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi. Jafnframt mættu forstöðumenn stofnana.

Ársreikningurinn er settur fram samkvæmt reikningsskilum sveitarfélaga. Starfseminni er skipt upp í tvo hluta, A-hluta annars vegar og B-hluta hins vegar. Til A-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í B-hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar, sem eru: Félagshemilið Klifi, Félagshemilið Röst, Veitustofnanir Snæfellsbæjar, Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Húsnæðisnefnd Snæfellsbæjar, Leiguíbúðir með hlutareign og Dvalarhemilið Jadar.

Fóru endurskoðendur yfir helstu tölur í ársreikningi 2023.

Miklar framkvæmdir og góð afkoma Snæfellsbæjar 2023

Rekstur Snæfellsbæjar kom mun betur út en fjárhagsáætlun hafði gert ráð fyrir og var rekstur samstæðunnar jákvæður um 350 m.kr., en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á um 104 m.kr.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð að fjárhæð 178 m.kr.

Snæfellsbær fjárfesti á árinu 2023 fyrir um 638 m.kr., þar af voru fjárfestingar Hafnarsjóðs um 192 m.kr.

Útgjöld voru nánast á pari við fjárhagsáætlun og það er eftirtektarvert að forstöðumenn stofnana Snæfellsbæjar eru að skila rekstri sinna stofnana enn eitt árið undir áætlun. Þetta er mjög ánægulegt og eiga forstöðumenn hrós skilið fyrir hversu vel þeir reka sínar stofnanir og hversu vel þeir eru að fylgjast með fjárhag sinna eininga.

Rekstur stofnana var með miklum ágætum, en þó fór launakostnaður fram úr áætlunum, m.a. vegna nýrra kjarasamninga á fyrri hluta árs 2023, þar sem launahækkningar voru meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir.

Lífeyrisskuldbindingar fóru jafnframt fram úr áætlunum, m.a. vegna ákvörðunar stjórnar Brúar lífeyrissjóðs að viðbótarframlag yrði innheimt hjá launagreiðendum frá og með janúar 2024 vegna lífeyrisþega sem væru með réttindi hjá sjóðnum. Vegna þessa myndaðist skuldbinding Snæfellsbæjar gagnvart þessum hópi lífeyrisþega og var sú skuldbinding gjaldfærð í rekstrarreikning á árinu 2023.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including initials like "BHH", "AU", "MS", "FS", and "JBJ".

Helstu lykiltölur ársreiknings eru taldar hér:

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 3.739 m.kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 3.354 m.kr. Rekstrartekjur A- hluta námu um 2.909 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 2.632 m.kr.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var jákvæð um 350 m.kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir jákvæðri afkomu upp á 105 m.kr. Rekstrarafkoman varð því töluvert betri en áætlun gerði ráð fyrir, eða sem nemur 245 m.kr. Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð að fjárhæð 178 m.kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir afkomu upp á 5 þ.kr. Afkoma A-hluta varð því betri sem nemur 173 m.kr.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 1.996 m.kr. en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 151 stöðugildum í árslok.

Veltufé frá rekstri var 470 m.kr. og veltufjárhlutfall er 0,82 hjá A-hluta. Veltufé frá rekstri í samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var 692 m.kr. í árslok 2023 og veltufjárhlutfall samstæðunnar er 1,32.

Handbært frá rekstri var 446,5 m.kr. hjá A-hluta og 668,6 m.kr. hjá samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta. Þessi tala gefur vísbendingar um hæfni Snæfellsbæjar til að greiða skuldir og standa undir nauðsynlegum fjárfestingum á árinu.

Heildareignir bæjarsjóðs námu um 5.854 m.kr. og heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi um 7.443 m.kr. í árslok 2023.

Heildarskuldir bæjarsjóðs námu um 2.008 m.kr. og í samanteknum ársreikningi um 2.174 m.kr., og hækkuðu þar með milli ára um 79 m.kr.

Snæfellsbær hefur verið að greiða niður lán og minnka skuldir undanfarin ár, og á árinu 2023 voru engin ný lán tekin, þrátt fyrir töluverðar fjárfestingar. Hins vegar var verðbólga töluverð og jukust því skuldir Snæfellsbæjar að nafnvirði örlítið sem því nam á árinu 2023. Þó lækkuðu skuldirnar að raunvirði milli ára. Skuldir Snæfellsbæjar við lánastofnanir lækkuðu milli ára, eða um 44 m.kr. hjá samanteknum reikningi A- og B-hluta.

Skuldahlutfall Snæfellsbæjar er lágt, eða 69,02% hjá A-hluta og 58,14% hjá samanteknum reikningi A- og B-hluta. Ef notað er skuldaviðmið skv. reglum um fjárhagsleg viðmið sveitarfélaga, þá fer prósentan niður í 47,08% fyrir A-hluta og 37,05% fyrir samstæðuna. Snæfellsbær hefur því töluvert svigrúm til lántöku ef kemur til einhverra stærri tekjufalla í framtíðinni. Skv. 64. gr. 2. málsg. sveitarstjórnarlaga á þetta hlutfall ekki að vera herra en 150%.

Eigið fé bæjarsjóðs nam um 3.846 m.kr. og eigið fé í samanteknum reikningsskilum nam um 5.269 m.kr. í árslok 2023. Eiginfjárhlutfall er 65,7% á árinu 2023 hjá A-hluta en var 63,56% árið áður. Eiginfjárhlutfall A- og B-hluta er 70,79% í lok árs 2023 en var 69,44% árið áður. Almenn er talið að 50% eiginfjárhlutfall hjá sveitarfélagi sé ásettanlegt.

Fjárfestingar á árinu 2023

Eins og áður segir, þá fjárfesti Snæfellsbær á árinu 2023 fyrir um 638 m.kr., þar af voru fjárfestingar Hafnarsjóðs um 192 m.kr. Stærstu einstöku fjárfestingarnar voru m.a. skólahúsnæðið á Hellissandi, en þar var farið í gagngerar viðgerðir á ytra byrði, skipt um glugga og þak á öllu húsnæðinu. Vatnsrennibraut var keypt og sett upp við sundlaugina í Ólafsvík, farið var í framkvæmdir við þak á Gufuskálum og malbikað var fyrir um 138 m.kr. Lokið var við frágang á húsnæði eldri borgara í Ólafsvík og hafnar voru framkvæmdir við viðbyggingu grunnskólahúsnæðisins á Lýsuhóli. Jafnframt

Handwritten notes and signatures in blue ink, including initials like "EJ", "PS", and "MS", and some illegible scribbles.

var farið í mikið af nauðsynlegum viðhaldsframkvæmdum við nánast allar stofnanir bæjarfélagsins, og munu þær framkvæmdir halda áfram á árinu 2024.

Eins og fram kemur hér að ofan, voru fjárfestingar og framkvæmdir ársins 2023 mjög miklar hjá sveitarfélaginu, en þrátt fyrir það hefur tekist að lækka skuldir og halda rekstri sveitarfélagsins á pari við fjárhagsáætlun, jafnframt því að þurfa ekki að taka nein ný lán á árinu. Afkoma ársins 2023 var mjög jákvæð og verður því fjárhagsstaða Snæfellsbæjar að teljast afar góð.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða ársreikning Snæfellsbæjar og stofnana hans fyrir árið 2023 og voru reikningarnir undirritaðir.

Var nú forstöðumönnum og endurskoðendum þökkuð koman og véku þeir af fundi.

2) **Kynning á skýrslu um slökkvilið.**

Haraldur L. Haraldsson frá HLH ráðgjöf mætti á fundinn í gegnum Teams og var hann boðinn velkominn. Fór Haraldur yfir skýrslu sem hann hefur unnið um starfsemi slökkviliða Snæfellsbæjar og Grundarfjarðar.

Var Haraldi þökkuð koman og vék hann nú af fundi.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að fara vel yfir þessa skýrslu og taka hana til frekari umræðu á fundi sínum í september.

3) **Fundargerð 348. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 23. apríl 2024.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4) **Fundargerð 146. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 29. apríl 2024.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

5) **Fundargerðir ungmennaráðs, dags. 9. febrúar og 16. mars 2024.**

Fundargerðirnar samþykktar samhljóða.

6) **Fundargerð 224. fundar menningarnefndar, dags. 16. janúar 2024.**

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

7) **Fundargerð 17. fundar öldungaráðs, dags. 8. apríl 2024.**

Varðandi mál 1, þá fékk sóknarsamlag Ingjaldshóls- og Ólafsvíkurkirkju bréf frá bæjarstjórn í nóvember, að loknum bæjarstjórnarfundum þann 2. nóvember, þar sem samþykkt var tillaga sóknarsamlagsins um tilraun til þriggja ára varðandi rekstur líkhússins í Ólafsvík. Sóknarsamlagið skuldbatt sig til að útvega aðila til að sinna þeirri starfsemi sem fram fer í líkhúsinu og tilheyrir því, á meðan Snæfellsbær tók að sér að láta fara fram það lágmarksviðhald sem þarf til að húsið haldi vatni og vindum. Að loknum þessum þremur árum mun framhaldið verða ákveðið.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

8) **Fundargerð 182. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 3. maí 2024.**

Varðandi 3. lið fundargerðarinnar, ósk um staðfestingu landskipta á Dagverðará í Snæfellsbæ, samþykkti bæjarstjórn samhljóða eftirfarandi bókun:

„Vegna umsóknar um að skipta jörðinni Dagverðará upp er bent á að nauðsynlegt er að leggja fram undirritanir eigenda aðlægra jarða. Annars vegar er land Ríkiseigna vestan jarðarinnar, en þar er Snæfellsjökulsþjóðgarður. Þau landamerki virðast vera í fullu samræmi við breytt mörk Snæfellsjökulsþjóðgarðs frá opinberum aðilum. Hins vegar er það jörðin Miðvellir, austan Dagverðará, og þar eru tvær mismunandi landamerkjalinur hjá HMS. Ganga þarf frá merkjalýsingu í fullu samræmi við reglugerð nr. 160/2024 um merki fasteigna og undirritanir þeirra sem eiga ofanefndar jarðir.

Jörðin er skilgreind sem landbúnaðarland í aðalskipulagi og ekki er óskað eftir breytingu á því.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar mun ekki taka afstöðu til uppskiptingar jarðarinnar fyrr en undirrituð gögn berast.“

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

Handwritten notes and signatures in blue ink, including the initials "ES" and "RHH AU".

9) **Barnaverndarþjónusta Vesturlands. Bréf frá forstöðumanni Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, dags. 26. mars 2024, varðandi stofnun barnaverndarþjónustu Vesturlands – síðari umræða.**

Tillaga er gerð um að sveitarfélögin Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Sveitarfélagið Stykkishólmur vinni sameiginlega að barnaverndarþjónustu með Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit og að gerður verði viðauki við samning Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar, sem birtur hefur verið í Stjórnartíðindum nr. 121/2024, um leiðandi sveitarfélag skv. 96.gr. sveitarstjórnarlaga.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkir að fara í samstarf í formi leiðandi sveitarfélags um barnaverndarþjónustu sbr. barnaverndarlög nr. 80/2022, á Vesturlandi þar sem Borgarbyggð um taka að sér að vera leiðandi sveitarfélag.

Bæjarstjórn samþykkir að fela bæjarstjóra að útfæra nánar fyrirbyggjandi drög að viðauka (samningi) um samstaf sveitarfélaganna í samráði við sveitarstjóra annarra sveitarfélaga sem einnig hafa samþykkt umrætt samstarf. Bæjarstjóra er einnig valið að undirrita viðaukann (samninginn) að lokinni þeirri vinnu og leggja fyrir sveitarstjórn til síðari umræðu til staðfestingar.

10) **Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Snæfellsbæ – fyrri umræða.**

Lögð voru fram lokadrög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Snæfellsbæ. Samþykktin hefur þegar farið í yfirllestur til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og í gegnum samþykktarferli í umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu.

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða að vísa framlögðum drögum um samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Snæfellsbæ til seinni umræðu þann 5. júní n.k.

11) **Þakkarbréf frá HSH, dags. 11. apríl 2024.**

Lagt fram til kynningar.

12) **Ársskýrsla Nýsköpunarnets Vesturlands ses, 2023-2024**

Lagt fram til kynningar.

13) **Endurskoðun á gjaldskrá Snæfellsbæjar árið 2024.**

Bæjarstjórn samþykkti samhljóða framlagða gjaldskrá um leikskólagjöld í Snæfellsbæ.

Bæjarstjórn samþykkti að fresta afgreiðslu gjaldskrár um skólamáltíðir þar til fyrir liggur undirritað samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um kostnaðarskiptingu.

14) **Fundargerð fræðslunefndar, dags. 2. maí 2024.**


Fundargerðin samþykkt samhljóða.


15) **Minnispunktur bæjarstjóra.**

- Bæjarstjóri sagði frá fundi um samgöngumál á Vesturlandi með ráðherra, þingmönnum og forstjóra Vegagerðarinnar sem haldinn verður á Breiðabliki, föstudaginn 10. maí kl. 14:00.
- Bæjarstjóri fór yfir staðgreiðsluyfirlit ársins.
- Bæjarstjóri fór yfir fjárhagsyfirlit marsmánaðar hjá stofnunum Snæfellsbæjar.
- Bæjarstjóri fór yfir þær framkvæmdir sem eru yfirstandandi í sveitarfélaginu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:23


Björn H Hilmarsson



Jónína Þorgrímsdóttir


Michael Gluszuk





Auður Kjartansdóttir


Margrét Sif Sævarsdóttir


Eiríkur Bóðvar Rúnarsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bæjarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæjarritari